



TAEKWONDOSAMBAND ÍSLANDS
UPPLÝSINGAR

ÍSLANDSMÓTIÐ Í BARDAGA 2021

28. mars 2021

**Mótshaldari og yfirumsjón
með dómgæslu**

Taekwondosamband Íslands, TKÍ

Mótsstaður

Íþróttahúsið að Varmá

Mosfellsbær

Dagsetning

28. mars 2021

Upphaf móts

10:00

Fjöldatakmörkanir

Vegna reglna um fjöldatakmörkanir verður fjöldi í rými á mótsstað takmarkaður við 50 manns á hverjum tíma, óháð aldri.

Ekki verður hægt að taka á móti áhorfendum á mótið vegna skilyrða um aðskilnað áhorfenda, sem ekki er hægt að uppfylla.

Keppendur skulu mæta á mótsstað 30 mínútum fyrir auglýstan tíma sem þeir eiga að keppa.

Hægt verður að hita upp á sérstöku upphitunarsvæði.

Starfsmenn á móti munu tilkynna hvenær keppendur og þjálfarar munu geta komið inn í upphitunarrými og keppnisrými.

Skráning keppenda

Félög skulu skrá sína keppendur til móts og fylla inn réttar upplýsingar um þá, á slóðinni:

<https://www.tpss.eu/calendar.asp>

Athugið að velja þarf dagsetningu móts til að komast inn á skráningarsíðu mótsins.

Ef upplýsingar um keppendur eru rangt skráðar getur slíkt því að keppandi missi rétt til keppni.

Skráningarfrestur

Skráningarfrestur er til kl. 20:00 laugardaginn 14. mars 2021

**Ábyrgð keppenda
og starfsfólks**

Allir keppendur og starfsmenn eru á eigin ábyrgð á mótsstað. Hvorki TKÍ, ÍSÍ eða það félag sem hýsir mótið ber ábyrgð á meiðslum, slysum, þjófnaði eða hverju öðru tjóni sem aðilar kunna að verða fyrir.

**Heimild til
myndbandsupptöku**

Með skráningu á mót veitir viðkomandi keppandi heimild til að bardagi hans og/eða framkvæmd poomsae sé sent út á vefnum og

	sé aðgengilegt að móti loknu. Skráning félags á viðkomandi keppanda telst sem fullgild staðfesting á samþykki keppandans.
Heimild til birtingar á úrslitum	Með skráningu á mót veitir viðkomandi keppandi heimild til að úrslit og aðrar upplýsingar um frammistöðu hans séu birtar og aðgengilegar að móti loknu. Skráning félags á viðkomandi keppanda telst sem fullgild staðfesting á samþykki keppandans.
Áhorfendur	Þar sem ekki er hægt að tryggja að skilyrðum um aðskilnað áhorfenda sé fullnægt, verða áhorfendur óheimilir á mótsstað sbr. reglugerð stjórnvalda um sóttvarnir.
Fjöldatakmörkanir á keppnissvæði	Keppendur hafa aðgengi að keppnissvæði 30 mínútum áður en áætlað er að þeir keppi. Að keppni og verðlaunaafhendingu lokinni skulu þeir yfirgefa keppnissvæði. Mótsstjórn áskilur sér rétt til að vísa fólki frá keppnissvæði til að tryggja að fjöldatakmörkanir séu virtar.
Deildir	Handhafar rauðs beltis og hærra (4. geup og hærra, A flokkur) keppa í Úrvalsdeild Keppendur með hvítt beltí með gula rönd til og með blás beltis með rauðri rönd (10. til og með 5. geup, B flokkur) keppa í 1. deild.
Stigakeppni félaga og verðlaun	Keppni í Úrvalsdeild telur til stigakeppni félaga um Íslandsmeistaratitil. Gullverðlaun í flokki – 7 stig Silfurverðlaun í flokki – 3 stig Bronsverðlaun í flokki – 1 stig Sigur í bardaga – 1 stig Löglega skráður keppandi mætir til leiks – 1 stig
Birting flokkaskiptinga	Fimmtudaginn 25. mars 2021 kl. 20:00
Keppnisgjöld	ISK 3.000 á hvern keppanda.
Greiðsluupplýsingar	Reikningur 515 26 50010 Kennitala 500103 2050

Félög skulu greiða fyrir alla sína keppendur í einu lagi með millifærslu á ofangreindan reikning.

Greiðslufrestur

26. mars 2021 kl. 17:00

Starfsmenn

Félög fá úthlutað verkefnum í hlutfalli við skráða keppendur

Gjaldgengi

Félög skulu hafa greitt keppnisgjöld fyrir alla aðila áður en keppni hefst, sbr. greiðslufrest að ofan.

Keppendur skulu vera skráðir í viðkomandi aðildarfélag TKÍ í samræmi við 7. og 8. greinar Móta- og keppendareglna ÍSÍ og reglugerð TKÍ um Félagaskipti og keppnisleyfi.

Félag skal vera skuldlaust við TKÍ

Félag keppenda, eða keppandi sjálfur, skal ekki vera í keppnisbanni skv. ákvörðun TKÍ eða ÍSÍ.

Keppnisreglur

Keppnisreglur WT sem í gildi eru á keppnisdegi

Beltaflokkar

B flokkur – Frá og með 10. geup til og með 5. geup

A flokkur – Frá og með 4. geup

Flokkaskiptingar

Cadet	12-14 ára
Junior	15-17 ára
Senior	18-35 ára
Veteran	35 ára og eldri

Keppandi getur einungis keppt í einum aldurs-, þyngdar- og kynjaflokki.

Vigtun

Vigtun fer fram á mótsstað laugardaginn 27. mars á milli kl. 10:00 og 11:00

Vikmörk í vigtun eru 200g fyrir konur og 100g fyrir karla.

Verði niðurstaða vigtunar sú að keppandi falli utan þyngdarviðmiða í skráðum flokki, missir keppandinn gjaldgengi sitt á mótinu. Í slíkum tilfellum er keppnisgjald endurgreitt.

Höfuðspörk

Höfuðspörk eru óheimil í:

B flokki cadet (12-14 ára)

Eingöngu létt höfuðspörk eru leyfð í:

A flokki cadet (12-14 ára)

Höfuðspörk eru leyfð í:

B flokki junior (15-17 ára)

B flokki senior (18-34 ára)

B flokki veteran (35 ára og eldri)

A flokki junior (15-17 ára)

A flokki senior (18-34 ára)

A flokki veteran (35 ára og eldri)

Reglugerð TKÍ um höfuðspörk: <http://tki.is/wp-content/uploads/2020/09/2020-Regluger%C3%B0-TK%C3%8D-um-h%C3%B6fu%C3%B0sp%C3%B6rk-%C3%A1-m%C3%B3tum.pdf>

Sameiningar

Hið minnsta 2 þurfa að vera skráðir í flokk til að í honum sé keppt.

Sameiningar sem þarfnast EKKI samþykkis:

Sameining á milli samliggjandi þyngdarflokka í, að öðru leyti, sama keppnisflokki, þó ekki sameining á milli næstefsta og efsta þyngdarflokks.

Sameiningar sem þarfnast samþykki ALLRA í flokki:

Sameiningar á milli samliggjandi aldursflokka

Sameiningar á milli A og B flokka

Sameiningar við efstu þyngdarflokka

Þar sem einungis einn keppandi er í flokki að loknum tilraunum til að sameina við aðra flokka, án árangurs, skal keppni í þeim flokki falla niður og hvorki reiknast stig í stigakeppni félaga né veitt verðlaun.

Þar sem sameinað er á milli aldurs- eða beltaflokka (A og B) skulu vægustu reglur um höfuðspörk gilda skv. reglugerð TKÍ þar að lútandi, sem og reglur um tímalengd bardaga.

Mótmæli

Úrskurður bardagastjóra er endanlegur og honum verður ekki áfrýjað.

Myndbandsupptökur annarra en mótsstjórnar, ef slíku er til að dreifa, eru ógjaldgengar í tengslum við mótmæli.

Hægt er að skjóta málum er varða agabrot og lögmæti keppenda til stjórnar TKÍ.

Hlífðarbúnaður

Hver keppandi ber ábyrgð á að vera með eftirfarandi búnað, og að hann sé í fullkomnu og löglegu ástandi:

- Hjálmur (nema ef um er að ræða keppni þar sem höfuðspörk eru leyfileg)
- Legghlífur
- Framhandleggshlífur
- Ristarhlífur með skynjurum fyrir rafbrynjukerfi
- Hanskar
- Klofhlífur (valkvætt fyrir konur)
- Glær hlífðargómur

Keppandi með ófullnægjandi hlífðarbúnað fær ekki heimilt til keppni.

Mótsstjórn útvegar eftirfarandi búnað:

- Rafbrynju
- Rafhjálms

Athugið að mótsstjórn hvorki leigir né lánar annan búnað á móttstað.

Þyngdarflokkar

Cadet		Junior	
Karlar	Konur	Karlar	Konur
Undir 33	Undir 29	Undir 48	Undir 44
Undir 37	Undir 33	Undir 55	Undir 49
Undir 41	Undir 37	Undir 63	Undir 55
Undir 45	Undir 41	Undir 73	Undir 63
Undir 49	Undir 44	Yfir 73	Yfir 63
Undir 53	Undir 47		
Undir 57	Undir 51		
Undir 61	Undir 55		
Undir 65	Undir 59		
Yfir 65	Yfir 59		

Senior	Veteran
--------	---------

Karlar	Konur	Karlar	Konur
Undir 58	Undir 49	Undir 58	Undir 49
Undir 68	Undir 57	Undir 68	Undir 57
Undir 80	Undir 67	Undir 80	Undir 67
Yfir 80	Yfir 67	Yfir 80	Yfir 67

Birting bardagatrjáa

Laugardaginn 27. mars kl. 20:00